

## Ritdómur

*Jerusalem: The Temple Mount*  
eftir Leen og Kathleen Ritmeyer,  
Jerúsalem: Carta, 2015, 160 bls.

„Allt þar til nýlega var talið að Musterishæðin hafi staðið óbyggð það sem eftir leið af býsönskum tíma og verið nýtt sem ruslahaugur borgarinnar. Hins vegar hefur verið greint frá því að gólf lagt mósaíki hafi fundist undir al-Aqsa-moskunninni í uppgrefti sem ráðist var í á fjórða áratug síðustu aldar (í eina skiptið sem slíkt hefur verið heimilað á Musterishæðinni). Bendir það til þess að mögulega hafi staðið hús á suðurhluta hæðarinnar á býsönskum tíma. Því miður, hefur það hversu takmarkaður fundurinn er, valdið því að ómögulegt er að draga öruggar ályktanir um hversu umfangsmikið byggingarsvæðið var“ (s. 33).<sup>1</sup>

Þessum orðum fara hjónin Leen og Kathleen Ritmeyer um stöðu Musterishæðarinnar á því tímabili sem varði allt frá því að Konstantínus keisari mikli tók við völdum í rómverska keisaradæminu um 324 e.Kr. og þar til að múslimar náðu borginni á sitt vald á fyrri hluta 7. aldar. Nánar tiltekið gerðist það árið 638, tæpum aldarfjórðungi eftir að Persar höfðu gert velheppnaða innrás í borgina og lagt hana undir sig. Umfjöllunina er að finna í bókinni *Jerusalem: The Temple Mount* sem kom út hjá bókaforlaginu Carta árið 2015. Ekki er ósennilegt að bókin verði á vegi marga þeirra Íslendinga sem nú leggja land undir fót og sækja Landið helga heim í fyrsta sinn. Mikils áhuga gætir á ferðum þangað nú, þegar flugfélagið Wow-air hefur hafið beint flug milli Keflavíkur og Tel Aviv. Er það í fyrsta sinn sem boðið er upp á beint áætlunarflug milli landanna tveggja.<sup>2</sup>

Tilvitnunin gefur að nokkru marki mynd af því hversu mikið rannsóknarstarf er óunnið á Musterishæðinni, einum sögufrægasta stað heims. Þar hefur engum leyfst að standa fyrir fornleifarannsóknnum. Hin svokallaða Waqf, sem ræður ríkjum á hæðinni, bannar með öllu fornleifagröft og raunar allt rannsóknarstarf á svæðinu. Waqf er stjórn eða eins konar sjálfseignarstofnun sem konungur Jórdaníu fjármagnar en stofnunin er arftaki annarra viðlíka stofnana sem haft hafa stjórn á Musterishæðinni allt frá því að múslimar náðu Jerúsalem aftur á sitt vald árið 1187. Hefur stjórnin aðeins einu sinni á öllum þessum tíma misst hæðina úr höndum sér en það var í kjölfar sex daga stríðsins sem háð var í júní 1967. Náðu stjórnvöld í Ísrael þá yfirráðum yfir Musterishæðinni en skiluðu henni að nýju í hendur Waqf skömmu eftir að hinu skammvinna stríði lauk.

Þótt harma beri þá afstöðu Waqf að ekki megi vinna að rannsóknnum á byggingar- og mannvistarleifum fyrri alda þá veitir fyrrnefnd tilvitnun von um að einhvern tíma verði

<sup>1</sup> Þýðingin er höfundar þessa ritdóms.

<sup>2</sup> Áhugi Íslendinga á Ísrael er ekki nýr af nálinni. Um það vitnar fjöldi ferðabóka og frásagna af ferðum Íslendinga til landsins. Má þar m.a. nefna Jóhann Briem, Magnús Jónsson, Ásmund Guðmundsson, Rögnvald Finnbogason og marga fleiri.

mögulegt að varpa skýrara ljósi á þá ótrúlegu sögu sem tengist byggðinni sem tók að myndast á Móríafjalli fyrir þúsundum ára og oft hefur orðið miðpunktur í atburðum sem hafa ekki aðeins mótað sögu svæðisins, heldur heimsins alls.

Höfundar bókarinnar hafa á undanförnum áratugum tekið þátt í mikilvægum rannsóknum á því svæði kringum Musterishæðina sem ekki er undirorpið valdi Waqf og því undarlega banni sem stofnunin hefur lagt á rannsóknir á Musterishæðinni. Kynntust höfundarnir raunar árið 1975 þegar einhverjar mestu fornleifarannsóknir sem farið hafa fram í borginni stóðu yfir og gengu skömmu síðar í hjónaband.

Leen er fornleifafræðiarátt. Hann lauk doktorsprófi í forvörslufræðum frá Manchester-háskóla. Lengst af hefur hann sinnt fyrrnefndum rannsóknum í Jerúsalem en hann kenndi einnig fornleifafræði Biblíutímans á árunum 1997–2002 við Háskólann í Leeds. Þá er hann einnig dósent við fornleifafræði- og biblíusögudeild TSW-háskólans í Albuquerque í Nýju-Mexíkó. Kathleen, kona hans, nam fornleifafræði við University College í Dublin og hefur tekið þátt í fornleifarannsóknum á Musterishæðinni, á Írlandi, í Skotlandi og á merkum sögustöðum í Ísrael. Þá hefur hún einnig sinnt kennslu, þýðingarstarfi og verið leiðsögumaður, m.a. í Jerúsalem.

Þau hjónin hafa gefið út fleiri rit um Jerúsalem í sögu og samtíð. Má þar m.a. nefna *Jerusalem in the Time of Nehemia* frá 2015, *Jerusalem in the Year 30 A.D.*, sem út kom sama ár, og *Understanding the Holy Temple of the Old Testament*, sem út kom 2017. Öll komu ritin út hjá forlaginu Carta í Jerúsalem.

## Uppbygging bókarinnar

Bókin er byggð upp á þremur meginköflum. Sá fyrsti er eins konar inngangur að þeim sem á eftir koma. Í honum er saga Musterishæðarinnar rakin og henni skipt niður eftir tímabilum. Í köflunum tveimur sem á eftir koma er lesandinn hins vegar leiddur um svæðið umhverfis Musterishæðina annars vegar og hins vegar um hæðina sjálfa. Af þeim sökum er ritið hvort tveggja í senn, ágætt sögulegt yfirlit um þennan mikla sögustað sem gefur lesendum glögga mynd af honum og einnig skrifleg leiðsögn um svæðið sem nýst getur þeim sem komnir eru um langan veg í þeim tilgangi að berja hann augum.

## Fyrri hluti

Fyrsti kaflinn byggist að grunni til á afar viðamiklu verki Leens sem kom út árið 2006 og ber yfirskriftina *The Quest: Revealing the Temple Mount in Jerusalem*. Í því verki dregur hann saman áður nefnt rannsóknarstarf sitt sem hann vann, m.a. undir forystu ekki ómerkari fornleifafræðinga en Benjamins Mazar (1906–1995) og Nahmans Avigad (1905–1992). Það sem gerir bók þeirra hjóna aðgengilega og raunar einstaka í sinni röð eru þær fjölmörgu og nákvæmu yfirlits- og tilgátuteikningar sem eru afrakstur fyrrnefnds rannsóknarstarfs Leens. Teikningarnar færa lesandann nær Musterishæðinni og gefa honum gleggri mynd af byggingsögu hennar en mögulegt væri með skriflegri lýsingu einni saman.

Bókin hefst í raun á landfræðilegri lýsingu svæðisins þar sem Jerúsalem reis en mannvist um þúsundir ára hefur valdið því að dalverpi og hæðir hafa tekið breytingum svo að um munar. Þá má fullyrða að byggingarsaga Musterishæðarinnar hafi, edli máls samkvæmt, tekið mjög mið af þeim grunni sem hún er reist á. Þannig sýna höfundar hvernig Borg Davíðs var reist á fjallshrygg sem liggur suður af Móríafjalli. Milli fjallsins og Borgar Davíðs,

sem nefnd er Sion í Gamla testamentinu (2Sam 5.7), er svo hið svokallaða Ófel, en það er svæði sem mjög hefur komið við sögu í fornleifarannsóknum síðustu áratuga í Ísrael. Helgast það af þeirri staðreynd að Ófel liggur í hásuður af syðsta hluta Musterishæðarinnar, þar sem hin völduga al-Aqsa-moska hefur staðið sem útvörður fjallsins helga í þrettán aldir. Á svæðinu sunnan við Musterishæðina hefur Waqf ekki haft forræði, heldur borgaryfirvöld í Jerúsalem. Þar vann Benjamin Mazar m.a. mikilvægt rannsóknarstarf á árunum 1968–1978 og síðar, 1986–1987, ásamt barnabarni sínu, Eilat Mazar. Hefur hún, ásamt samverkafólki sínu, haldið rannsóknunum áfram á árunum 2009–2011.<sup>3</sup>

Kaflann opna höfundarnir á áhugaverðri skýringarmynd þar sem hæðarlínur Móríafjalls (743 m) og landsvæðisins í kring varpa ljósi á þá veikleika sem landfræðileg lega Jerúsalem veldur í hernaðarlegu tilliti og orðið hefur henni að falli oftast en einu sinni í aldanna rás. Sjást veikleikarnir á því að norður af Móríafjalli liggur svæði sem nefnist Antonia-hæðin sem ásamt Antonia-hryggnum sker í sundur Tyropoeon-dalinn og Beseda-dalinn. Þaðan hefur verið mögulegt að sækja að borginni, þrátt fyrir margar tilraunir forsvarsmanna hennar til að girða fyrir árásir úr þeirri átt. Benda höfundarnir raunar á þá staðreynd að nokkru vestar liggur hin svokallaða Vesturhæð sem út frá hernaðarlegum forsendum virðist henta betur sem borgarstæði þar sem mikill bratti liggur niður af hásléttu hennar úr öllum áttum. Höfundarnir benda hins vegar á augljósan veikleika sem erfitt var að bæta úr og tengist þeirri staðreynd að vatnslindir eru engar á Vesturhæðinni, ólíkt því sem reyndin er á Móríafjalli.

Í kaflanum er einnig fjallað um aldirnar áður en Davíð konungur og sonur hans, Salómon, hófu framkvæmdir á svæðinu á og í kringum Móríafjall (4000–1000 f.Kr.). Benda Ritmeyer-hjónin m.a. á að mannvistarleifar hafi fundist í slakkanum suðaustur af Musterishæðinni. Benda þær til þess að fólk hafi verið á svæðinu allt frá koparöld (tímabili sem talið er hefjast um 5000 f.Kr.). Þá rekja höfundarnir einnig þær heimildir sem virðast vísa til Móríafjalls og örnefna þar í kring, m.a. Kedronsðals og Kóngsdals. Þær heimildir er að finna í frásögnum af þekktum persónum, einkum Abraham og Absalon (sjá m.a. 1Mós 14.7; 15; 22; 2Sam 18.18). Þá nefna höfundarnir einnig áhugaverða vísun í bréf sem varðveitt eru í ríkisskjalfsafni Egyptalands í Tell el-Amarna. Þau eru frá 14. öld f.Kr., rituð á akkadísku og hafa að geyma samskipti konunga Kanaans við nágrannakonungsríki og herraþjóð þeirra í Egyptalandi. Þar er vitnað til borgarinnar Urusalim og vandræða konungdæmisins þar.

Þegar Ritmeyer-hjónin rekja byggingarsöguna sem Móríafjallið geymir í einni eða annarri mynd er upphafið rakið til framkvæmda þeirra sem Salómon konungur hóf og fjallað er um í Fyrri konungabók. Byggist útlistun þeirra á mannvirkjum Salómons á frásögnum Biblíunnar af hinu mikla musteri. En tímabilið, sem oftast er nefnt fyrsta mustéristímabilið, stóð í raun í tæp 400 ár, eða allt þar til Ísraelsþjóð var herleidd frá landi sínu af konungi Babýlóníu árið 586 f.Kr.<sup>4</sup>

<sup>3</sup> Um þetta rannsóknarstarf hafa verið ritaðar fjölmargar bækur, m.a. *Discovering the Solomnic Wall in Jerusalem*, eftir Eilat Mazar frá 2011, en einnig eldri rit á borð við *The Mountain of the Lord* frá 1975 og *Jerusalem Revealed* frá 1976, hvort tveggja eftir Benjamin Mazar.

<sup>4</sup> Mikilvægt er að hafa í huga að fræðimenn greinir mjög á um hvernig fara skuli með þær heimildir sem greina frá umsvifum Salómons í Jerúsalem eftir dauða Davíðs konungs. Og raunar greinir þá einnig á um sannfræði þeirra biblíurita sem fjalla um elstu sögu Ísraels, þ.m.t. ýmsa þá kafla sem Ritmeyer-hjónin styðjast við. Þannig eru þeir fræðimenn til sem telja að heimildir Biblíunnar ekki draga upp raunsanna mynd af þeim mannvirkjum sem Salómon og eftirmenn hans reistu á Móríafjalli. Þannig telja ýmsir fræðimenn á sviðinu að ósennilegt og jafnvel útilokað sé að Salómon og þjóð hans hafi haft burði til að ráðast í þær framkvæmdir sem greint er frá, m.a. í Fyrri konungabók. Fyrir þá sem vilja kynna sér þessi viðhorf má ekki síst benda á yfirgripsmikil skrif Israels Finkelstein, m.a. í bókinni *The Bible Unearthed* sem út kom árið 2002 og hann ritaði með Neil Asher Silberman. Leen og Kathleen Ritmeyer fylla ekki þann flokk sem fylgir Finkelstein og Silberman að málum og má segja að í rannsóknum og leitarstarfi þeirra

Frá því að Salómon lauk sínum framkvæmdum og fram að herleiðingunni var aukið mjög við mannvirkin á fjallinu. Höfundar benda á að fram að herleiðingunni hafi musteríð átt bæði sín blóma- og hnignunarskeið. Á það var ráðist, jarðskjálftar léku það grátt og konungar sem voru því óvinveittir unnu spellvirki á helstu gersemum þess. Sá konungur sem lagði þó mest til uppbyggingar þess eftir daga Salómons var Hiskía konungur (725–697 f.Kr.) og virðist hann m.a. hafa stækkað til muna súlur þess og „í raun ekki aðeins endurbyggt musterí Salómons, heldur einnig endurhannað það“. Þá mun konungurinn Jósafat einnig hafa lagt drjúgan skerf til uppbyggingarinnar og m.a. bætt við musterisbyggingarnar nýjum forgarði og telja höfundar að hann hafi líkast til legið austur frá hinum upprunalega musterisforgarði. Þá benda höfundarnir einnig á að minjar sem enn má sjá í austurvegg Musterishæðarinnar bendi til að Hiskía hafi byggt kringum hin upprunalegu mannvirki Musterishæðarinnar ferhyrnda uppbyggða vegghleðslu sem var 500 kúbít á kant. Byggist sú kenning m.a. á heimild í Mishnah Middot þar sem minnst er á þetta mannvirki og það nefnt *har habbayit*.

Annað musteristímabilið er talið standa frá 586 f.Kr.–70 e.Kr. Þótt tímabilið markist í annan endann af herleiðingunni má segja að árið 536 f.Kr. leiki það eitt mikilvægasta hlutverkið því að þá lögðu hinir herleiddu, sem komnir voru að nýju til heimalandsins, grunninn að nýju musterí með uppbyggingu altaris þar sem hið fyrra musterí hafði staðið. Heimildir herma að tekið hafi 20 ár að reisa musteríð að nýju en í Esrabók kemur fram að hinir öldnu, sem munað höfðu tíma hins fyrsta musteris og glæsileik þess, hafi grátið þegar grunnur hins nýja musteris var lagður.

Enn sem oftast syrti í álinn fyrir Hebreunum þegar hinir svokölluðu selevekídar náðu völdum í landinu og gerðu allt hvað þeir gátu til að snúa heimamönnum til þess að ganga hellenískri menningu á hönd. Svívirðing musterisins, þar sem svíni var fórnað á altari þess, leiddi til makkabeauppreisnarinnar. Makkabearnir lögðu grunninn að valdatíma hasmónea sem stóð frá 152 f.Kr.–37 e.Kr. Á grunni þeirrar valdaættar komst Heródes til valda árið 37 f.Kr. og árið 19 f.Kr. hófst hann handa við mestu uppbyggingu Musterishæðarinnar fyrr og síðar. Jók hann við vegghleðslu Hiskía til norðurs, vesturs og suðurs. Voru turnar reistir á hverju horni hæðarinnar og vatnsbirgðastöð, sem hlaut nafnið Ísraelslaug, reist. Benda Ritmeyer-hjónin á að framkvæmdirnar hafi verið svo umfangsmiklar að þegar ráðist var í byggingu musterisins sjálfs hafi verið notaðir til þess 1000 vagnar og 10.000 verkamenn. Tóku framkvæmdirnar 46 ár í það heila. Skýringarmyndir þær sem Leen hefur unnið upp úr heimildum og fornleifarannsóknum á svæðinu gefa mjög glögga mynd af umfangi framkvæmdanna og hvernig musteríð og samliggjandi byggingar hafa litið út. Fyrir þá sem vilja kynna sér uppbyggingu Heródesar er þó bent á 9. kaflann í bók Leens, *The Quest* (bls. 377–400), og umfjöllun um sama efni í bókinni *The Many Faces of Herod the Great* eftir Adam Kolman Marshak (bls. 312–334).

Árið 70 e.Kr. gerðu rómverskar hersveitir árás á Musterishæðina og eyddu musterinu og nærliggjandi byggingum að mestu. Í raun urðu vegghleðslurnar einar eftir og eru þær sú undirstaða Musterishæðarinnar í dag sem þær voru á dögum Heródesar. Ekki eru til frásagnir af framkvæmdum á hæðinni á áratugunum eftir eyðingu musterisins en umskipti urðu í kjölfar þess að Hadríanus keisari hóf uppbyggingu rómverskrar nýlendu á rústum Jerúsalemborgar árið 130 e.Kr. Framganga keisarans leiddi til Bar Kokba uppreisnarinnar svokölluðu árið 132. Í því upplausnarástandi voru drög lögð að byggingu nýs musteris og mynt var slegin í tengslum við þær fyrirætlanir. Benda Ritmeyer-hjónin á að ekki hafi fundist

---

og samverkamanna þeirra, m.a. Benjamins og Eilat Mazar, felist viðleitni til að skjóta styrkari fótum undir fyrrnefndar frásagnir af Salómon og þjóð hans.

haldbær gögn eða minjar sem varpað geti ljósi á hversu langt áætlanir íbúanna um endurreisnina náðu. Hins vegar var uppreisnin kveðin niður þremur árum eftir að hún hófst og sögulegar heimildir benda til að þá hafi hof, helgað guðinum Júpíter, verið reist á hæðinni ásamt tveimur skreyttum súlum af Hadríanusí og Antonínusi Píusi. Í hefndarskyni vegna uppreisnarinnar lá dauðadómur við því ef Gyðingar létu sjá sig í Jerúsalem.

Sagan tók óvænta stefnu þegar Konstantín keisari mikli ruddi kristindómnum braut sem opinberri trú ríkis síns. Fyrir tilstilli móður hans, Helenu, var sjónum að nýju beint að sögu-stöðum tengdum Jesú Kristi, ekki síst innan borgarmarka Jerúsalemborgar. Stóð Helena m.a. fyrir byggingu kirkju þar sem talið var að gröf Jesú væri við Golgatahæð. Þungamiðja borgarinnar færðist þangað, ólíkt því sem áður var. En sviptingasamt varð um Musterishæðina enn á ný á tímum Júlíans keisara (361–363), sem nefndur var hinn fráfallni. Hann stuðlaði að upplausn í trúarbrögðum ríkis síns. Heimilaði hann endurkomu Gyðinga til Jerúsalem og ýtti undir áætlanir þeirra um endurreisn musterisins á hæðinni. Var það talin mikil ögrun við hina kristnu kirkju. Eldsvøði gerði hins vegar þær fyrirætlanir að engu og ekkert varð úr byggingu nýs musteris.

Líkt og tilvitnunin fremst í þessum ritdómi sýna, hafa fornleifafræðingar þurft að endurskoða þá löngu viðteknu söguskoðun að á býsönskum tíma (324–638 e.Kr.) hafi litlar sem engar framkvæmdir átt sér stað á Musterishæðinni. Ólíklegt er að botn fáiast í spurningar varðandi þetta tímabil fyrr en Waqf veitir heimildir til rannsókna á svæðinu.

Jerúsalem féll í hendur múslima árið 638 þegar Ómar mikli, kalífi og arftaki Abu Bakr (sem tók við keflinu við dauða Múhameds spámanns), vann borgina á sitt vald. Um fimmtíu árum síðar höfðu úmmajadar (sem stóðu að baki einu fjögurra meiriháttar kalífadæma sem stofnsett voru eftir dauða Múhameds) náð völdum í borginni. Átti kalífadæmið í mikilli togstreitu við arftaka Ómars mikla en þeir höfðu Mekku á sínu valdi. Nýttu úmmajadar sér Jerúsalem til þess að styrkja stöðu sína og héldu fram þeirri hugmynd að Múhamed hefði stigið upp til sjöunda himins frá klettinum mikla sem myndar hæsta punkt Móríafjalls og þar með Musterishæðarinnar. Í því skyni að styrkja stöðu borgarinnar reistu þeir yfir klettinn hina miklu byggingu sem nefnist Klettahvelfingin og lauk þeirri framkvæmd árið 691. Þegar því var lokið fyrirskipaði kalífinn al-Walid byggingu hinnar svokölluðu al-Aqsa-mosku á suðurenda hæðarinnar. Báðar byggingarnar, al-Aqsa og Klettahvelfingin, standa enn í dag. Mun meiri breytingar hafa þó orðið á fyrrnefndu byggingunni en hinni sem enn í dag er talin eitt mesta stórvirki íslamskrar byggingarsögu.<sup>5</sup> Þótt múslimar hafi lengst af ráðið ríkjum á Musterishæðinni varð hún, líkt og sjálf Jerúsalem, bitbein þeirra og kristinna hersveita sem gerðar voru út af páfavelðinu og ýmsum þjóðhöfðingjum Evrópu á 11.–13. öld. Þann 15. júlí árið 1099 brustu varnarmúrar borgarinnar og frá þeim tíma og til ársins 1187 var borgin undir stjórn krossfaranna. Breyttu þeir Klettahvelfingunni í kirkju sem þeir nefndu *Templum Domini* og *Templum Salomonis*. Litlar breytingar voru gerðar á byggingunni sem slíkri en altari var reist yfir steininn mikla sem múslimar töldu Múhamed hafa stigið upp til himins frá en kristin hefð segir að Abraham hafi ætlað að fórna Ísak, syni sínum, á. Þá var einnig miklum krossi komið fyrir efst á hvolfþaki byggingarinnar.

Árið 1187 lagði Saladín (1137/8–1193), sem var af kalífadæmi ayyúbída, borgina undir sig og hrakti krossfarana á brott í eitt skipti fyrir öll. Fjarlægði hann krossinn af Klettahvelfingunni og lét brjóta altarið sem reist hafði verið yfir steininn í miðju byggingarinnar. Varð borgin á ný vettvangur pílgrímaferða múslima og spruttu þá upp á Musterishæðinni

<sup>5</sup> Nánar má lesa um sögu bygginganna sem nú standa á Musterishæðinni í bókinni *Jerusalem's Temple Mount: From Solomon to the Golden Dome* eftir Hershel Shanks, sem kom út hjá The Continuum International Publishing Group árið 2007.

og í nágrenni hennar menntastofnanir, gististaðir og annað sem þjónaði þeim fjölda manna sem leið lögðu til borgarinnar. Á valdatíð Súleimans hins mikla, sem lifði frá 1494 til 1566, voru hinir fornu borgarmúrar Jerúsalem endurreistir og standa þeir að miklu leyti enn. Hann innsiglaði einnig Gullna hliðið, eitt af þeim miklu hliðum sem lágu inn að Musterishæðinni. Segir arfsögnin að það hafi hann gert til að hindra endurkomu Messíasar. Súleiman jók mjög við byggingar og endurgerði á Musterishæðinni og á það ekki síst við um al-Aqsa-moskuna.

Ritmeyer-hjónin benda á að lengst af þeim tíma sem Musterishæðin hefur verið í höndum múslima hefur kristnum mönnum og Gyðingum verið meinað að leggja leið sína þangað. Þrátt fyrir það hafa forvitnir ferðalangar og vísindamenn komist þangað í dulargervum. Með þeim hætti og öðrum hefur fornleifafræðingum, sagnfræðingum, guðfræðingum og öðru áhugafólki um sögu þessa staðar tekist að varpa ljósi á margt sem áður hefur verið á huldu varðandi sögu staðarins og byggingarnar sem þar hafa staðið og standa sumar enn.

## Síðari hluti

Seinni hluti bókarinnar er í raun tvískiptur en báðir undirkaflarnir fela í raun í sér skriflega leiðsögn um þau miklu mannvirki sem fyrri hluti bókarinnar fjallar að stórum hluta um. Leiðsögnin er, líkt og áður sagði, skrifleg en það sem gefur henni aukið vægi er fjöldi ljósmynda ásamt fyrrnefndum skýringarmyndum sem Leen Ritmeyer hefur unnið að og birt í fjölda fræðiritum á umliðnum áratugum.

Fyrri undirkaflinn leiðir lesandann hringinn í kringum hinar miklu vegghleðslur sem enn móta markalínur Musterishæðarinnar. Hefst kaflinn á góðri yfirlitsmynd þar sem helstu kennileiti, byggingar og svæði eru merkt með skilmerkilegum hætti. Má þar nefna mynd sem sýnir glögglega hvernig greina má ólíkan aldur vegghleðsla þegar litið er í átt að Grátúrnum. Sú mynd, ásamt mörgum fleirum, undirstrikar að bókin þjónar einnig sem gott leiðsögurit þegar lesendur eru beinlínis staddir við Musterishæðina.

Í kaflanum fjalla Ritmeyer-hjónin einnig um merka gönguleið sem liggur undir vesturvegg Musterishæðarinnar. Teygir hún sig að minnsta kosti 240 metra inn undir vegginn og sýnir með afgerandi hætti handverk þeirra steinsmiða sem þjónuðu Heródesi og framkvæmda- metnaði hans. Í þessari umfjöllun tengja höfundarnir þætti sem fólk getur virt fyrir sér enn í dag við sögulegan fróðleik, m.a. kenningar um það með hvaða hætti steinsmiðirnir hjuggu steininn til og fluttu hann milli staða. Í vesturveggnum má m.a. sjá stein sem fluttur hefur verið án aðkomu vélarafis og er hann metinn 200 tonn að þyngd. Reynsla þess sem þetta ritar er sú að ferð um göngin er nær ómissandi hluti af heimsókn til Jerúsalem en þó er rétt að halda því til haga að hún er ekki heppileg fyrir þá sem þjást af innilokunarkennd.

Umfjöllun bókarinnar um svæðið sunnan undir Musterishæðinni er mikilvæg, ekki síst fyrir þá lesendur sem mikinn áhuga hafa á fornleifafræði og þeim rannsóknum sem þó hefur verið ráðist í á svæðinu. Þar fjalla Ritmeyer-hjónin um fornleifagarðinn sem alla jafna er nefndur Davidson-miðstöðin. Garðurinn gerir áhugafólki kleift að komast nærri mikilvægum rústum, m.a. leifum Robinson-steinbogans. Þá má einnig sjá forn hlið á suðurvegg hæðarinnar sem leiddu fólk áður upp á hana og al-Aqsa-moskan rís beint upp af þeim. Nefnast þau Tvöfalda hliðið og Þrefalda hliðið og eru þau vel greinanleg í vegghleðslunni. Lýsingar Ritmeyer-hjónanna á svæðinu, eins og þar var umhorfs þegar hliðin tvö voru í notkun, eru greinargóðar um þær miklu breytingar sem orðið hafa þar í aldanna rás.

Austurveggur Musterishæðarinnar er eflaust sá hluti hinna fornu mannvirkja sem minnstan áhuga vekur meðal ferðamanna enda lítið um sögulegar tengingar þar við svæðið

sem slíkt. Þrátt fyrir það má rýna í þróunarsögu hæðarinnar þegar hinar miklu vegghleðslur eru skoðaðar nánar. Ritmeyer-hjónin draga upp forvitnilega og einfalda mynd af hleðslunum (bls. 74–75 og 78) og gera lesendum kleift að greina betur muninn á því handbragði sem viðhaft var við steinsmíðina á ólíkum tímabilum. Forvitnilegasti þátturinn því tengdur eru án efa þeir steinar í hleðslunni sem höfundar telja frá tímum fyrsta musterisins. Sömu skýringarmyndir varpa ljósi á hvar mörk hinnar upprunalegu 500 kúbíta hleðslu, sem rekur sögu sína til framkvæmdagleði Hiskía, liggja og hvar viðbætur frá tímum hasmóneanna og Heródesar taka við.

Um norðurhlið Musterishæðarinnar fjalla höfundar í fremur stuttu máli enda lítið sjáanlegt af hinum fornu hleðslum þar. Þau veita þó leiðsögn um þau mannvirki sem risu upp af múrnum og með fram honum á sinni tíð. Er þar vísað til Ísraelslaugar og Antonia-virkisins. Hvort tveggja voru miklar byggingar sem Heródes lét reisa í hernaðarlegum tilgangi. Fyrirnefnda mannvirkið var reist til að tryggja vatnsbirgðir borgarinnar og hið síðarnefnda til að verjast árásum úr norðri.

Seinni undirkaflinn veitir greinargóða leiðsögn um Musterishæðina sjálfa. Hún er oftast opin ferðamönnum, nema þegar öryggislögregla Ísraels telur öryggi fólks ótryggt, eða þegar Waqf hefur af sínum ástæðum ákveðið að takmarka umferð um svæðið. Þangað er aðeins hægt að komast fótgangandi og leiðin liggur eftir timburrampi sem reistur hefur verið rétt sunnan við Grátmúrinn.

Umfjöllun um Musterishæðina er skipt í 19 undirkafla sem hver og einn er sérstaklega tengdur svæði sem merkt er inn á kort og birt er fremst í kaflanum. Þar er fjallað um helstu kennileiti og þær byggingar sem virða má fyrir sér á svæðinu. Þeir sem ekki játast undir íslam hafa ekki kost á því að skoða innanrými Klettahvelfingarinnar, al-Aqsa-moskunnar eða Íslamska safnsins en það dregur ekki úr áhrifamætti þess að virða ytra byrði þeirra fyrir sér. Þá tvíanna þau hjón einnig skemmtilega saman umfjöllun um byggingarnar sem þarna standa í dag og þær byggingar sem í fyrndinni stóðu á sama eða svipuðum stað. Gefa þau lesendum t.a.m. tækifæri til að virða fyrir sér staðinn þar sem talið er að hið mikla fórnaraltari hafi staðið framan við musterið.

Hver og einn þáttur umfjöllunarinnar er þokkalega fræðandi og nægilega stuttur til þess að gagnast þeim sem hafa áhuga á að ganga um Musterishæðina í 2–3 tíma. Það skemmir þó vafalaust ekki fyrir að skipta heimsókn af því tagi í tvo hluta þar sem gott getur verið að ganga um svæðið í eina og hálfu til tvær klukkustundir í hvort skiptið.

Aftast í bókinni má finna fjóra örstutta viðauka. Sá fyrsti hefur að geyma vísanir til Nýja testamentisins og atburða á Musterishæðinni sem þar er getið. Þessum hluta fylgja svo tvær skýringarmyndir, annars vegar mynd sem sýnir hæðina í núverandi mynd og tölusetta tengingar við hvern og einn atburð eða frásögn Nýja testamentisins sem vísað er til. Hins vegar er að finna yfirlitskort af Musterishæðinni eins og hún leit út á tímum Jesú. Varpar það góðu ljósi á þær miklu framkvæmdir sem ráðist hefur verið í á svæðinu frá þeim tíma. Má þar t.d. nefna af handahófi að staðurinn þar sem talið er að Jesús hafi veitt blindum manni sýn og reist lamaðan mann upp (Matt 21.14) er nú beint undir al-Aqsa-moskunni en var á þeim tíma hluti af miklum tröppugangi upp að musterinu. Í öðrum viðaukanum er að finna yfirlitsmynd, tölusetta eins og þá fyrirnefndu, sem gefur fólki yfirsýn yfir þau mannvirki sem liggja neðanjarðar og undir Musterishæðinni. Þriðji viðaukinn er yfirlit yfir þær byggingar á Musterishæðinni sem tengjast sögu og viðgangi íslams. Verður að segjast að þessu yfirliti er í raun ofaukið miðað við það sem áður hefur verið birt í fyrri köflum bókarinnar. Fjórdi og síðasti viðaukinn hefur svo að geyma orðskýringar sem tengjast hugtökum sem bregður

fyrir í bókinni. Er þar fyrst og síðast um að ræða hugtök sem tengjast byggingarfræðilegum lýsingum, umfjöllun um mannvirki sem þjónuðu trúarlegum tilgangi á öldum áður, á borð við hreinsunarlaugar (mikveh) og útskýring á mælieiningunni kúbít sem víða er vitnað til þar sem umfjöllun um flatarmál Musterishæðarinnar er annars vegar.

## Niðurstöður

Bók Leens og Kathleenar Ritmeyer er afar handhæg og í raun mjög yfirgripsmikil þótt hún sé í sjálfu sér ekki margar síður. Í bókinni tekst höfundunum að veita forvitnilega innsýn í byggingarsögu Musterishæðarinnar svo að almennur lesandi, sem hvorki hefur sérstaka þekkingu á skipulagi hinnar fornu Jerúsalemborgar né þeim miklu atburðum sem hún hefur reynst sögusvið fyrir, hefur verulegt gagn af. Á sama tíma er hún einnig fróðleiksbrunnur fyrir þá sem kynnt hafa sér sögu borgarinnar og bygginganna sem þar hafa staðið á ólíkum tímum. Það dylst engum sem lesið hefur bókina að umfjöllunin byggist á mikilli þekkingu á svæðinu. Bókin vitnar um þá staðreynd en þeir sem kynnt hafa sér önnur rit þeirra hjóna, og þá ekki síst stórvirkið *The Quest: Revealing the Temple Mount in Jerusalem*, sem Leen sendi frá sér árið 2006, gera sér sömuleiðis grein fyrir því að áratugarannsóknarstarf er grunnurinn sem gerir bókina fróðlega en um leið aðgengilega.

Það er óhætt að fullyrða að þeir sem ákveða að sækja Jerúsalem heim í þeim tilgangi að kynna sér Musterishæðina, sögu hennar og byggingar, ættu ekki að láta bókina fram hjá sér fara. Mikilvægt er að lesa hana í aðdraganda slíkrar heimsóknar en þá þjónar hún, líkt og áður var fullyrt, einnig sem aðgengilegt leiðsögurít um svæðið þegar þangað er komið. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að annar tveggja höfunda ritsins hafi lengi verið í hlutverki leiðsögumanns um svæðið sem til umfjöllunar er.